

**Nd.**

**213. Tillaga**

til þingsályktunar um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík og húsbyggingarstyrk.

(Eftir fyrri umr. i Nd.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík. Kaupverðið sé 75000 — sjötiu og fimm þúsund — krónur. Ennfremur ályktar Alþingi að veita 75000 — sjötiu og fimm þúsund — króna styrk til þess að reisa nýtt hús, sem jafnan verði í eign og til afnota fyrir góðtemplararegluna í Reykjavík og Stórstúku Íslands. Sé svo frá samningnum gengið, að andvirði húss og lóðar gangi og til að reisa hið nýja hús. Kaupverð og styrkur greiðist þannig, að 50 þús. kr. greiðast þegar afsal er gefið, en eftirstöðvarnar á 10 árum með jöfnum greiðslum.